

Fimmtudaginn 5. maí 1983.

Nr. 95/1983. **Akærvaldið**

gegn

Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 29. f. m., er barst Hæstarétti 2. þ. m. Af hans hálfu er þess krafist, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldsvistin verði stýtt. Af hálfu ákærvaldsins er krafa gerð um staðfestingu úrskurðarins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. apríl 1983.

Ár 1983, föstudaginn 29. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Klukkan um 1345 í gær héldu lögreglumenn að Framnesvegi 18 hér í borg með húsleitarúrskurð, skömmu áður uppkveðinn hér við embætti.

Við komu á staðinn sáu lögreglumenn í bifreið utan við nefnt hús þrjá aðilja, alla áður kunna að meðhöndlun fíkniefna. Einn þessara aðilja hvarf um stund inn í íbúð að Framnesvegi 18, en er hann kom aftur þaðan, voru þrír áðurgreindir aðiljar handteknir og yfirheyrðir sem nánar verður síðar að vikið. Jafnframt knúðu lögreglumenn dyra að Framnesvegi 18 og sýndu ofangreindan úrskurð húsráðanda, Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni, fæddum 23. mars 1959. Í nefndri íbúð reyndist einnig Pétur Blöndal Gíslason,

fæddur 23. september 1958. Við komu töldu lögreglumenn sig sjá nefndan Pétur stinga undir rúmdýnu grunsamlegum hlutum. Reyðust þar við nánari athugun um að ræða eftirfarandi:

- 1) Möluð og þurrkuð blöð, 14.7 gr.
- 2) Brúnn moli, ætlað hass, 22.0 gr.
- 3) Ætlað tóbaksblandað hass, 0.4 gr.
- 4) Möluð og þurrkuð blöð, 0.3 gr.
- 5) Hvítt duft, ógreint, 0.9 gr.

Litarprófanir, framkvæmdar af lögreglu, gáfu jákvæða kannabissvörun varðandi liði 1—4, en jákvæða amfetamínsvörun varðandi lið 5.

Nefndur Pétur Blöndal neitaði að kannast við ofangreint.

Lögreglumenn fundu þess utan eftirfarandi:

- 1) Brúnir molar, ætlað hass, 126.5 gr.
- 2) Hvítt duft, ógreint, 0.8 gr.
- 3) Hvítt duft, ógreint, 11.0 gr.
- 4) Hvítt duft, ógreint, 7.2 gr.
- 5) Ætlaðar hassolíuleifar, óvigtanlegt.

Litarprófanir, framkvæmdar af lögreglu, gáfu jákvæða kannabissvörun varðandi liði 1 og 5, jákvæða amfetamínsvörun varðandi lið 2, en enga svörun varðandi liði 3 og 4.

Efni, talin í lið 1, fundust að mestu falin í nærklæðum Bóasar D. Bergsteinssonar, en að hluta í jakka, að sögn Bóasar í hans eign. Nefndur Bóas kvaðst rétt í sömu svipan og hann varð var lögreglumanna hafa séð efni á hillu í íbúð og falið með ofangreindum hætti, en neitaði að eiga eða vita nánar um uppruna efna.

Bóas D. Bergsteinsson neitaði og að kannast við þau efni, sem í áður-nefndum jakkavasa fundust. Hann neitaði einnig að hafa undanfarnar vikur látið nokkrum aðiljum fíkniefni í té, en hins vegar nokkrum sinnum af gestum þegið lítilræði af kannabisefnum til eigin nota, enda þarna að Framnesvegi 18 undanfarið mjög gestkvæmt og suksamt, þótt mest væri áfengi um hönd haft.

Margnefndur Bóas kvaðst hafa komið hingað til lands í sept. sl. eftir langdvöl í Danmörku, en ekki stundað vinnu að heitið gæti eftir það.

Einnig liggur fyrir, að margnefndur Bóas sætti í Danmörku gæsluvarðhaldi frá 21. maí 1982 til 10. sept. þ. á., grunaður um verulegt fíkniefnamisferli, en var í máli nr. 1814/1982 að mestu sýknaður af ákærum í því sambandi.

Áður er vikið að handtöku þriggja manna utan dyra við Framnesveg 18 í sömu mund og fyrstnefnd hútleit hófst þar. Þessir aðiljar eru:

- 1) Arnkell Þór Sigtryggsson, Hjallabakka 22, Reykjavík.
- 2) Haukur Þórólfsson, Drápuhlíð 35, Reykjavík.
- 3) Ingólfur Bragi Valdemarsson, Hlíðartúni 7, Höfn, Hornafirði.

Þeir Ingólfur og Haukur hafa í lögregluþyrheyrslu borið, að erindi þeirra að Framnesvegi 18 hafi verið að kaupa hassefni af Bóasi D. Bergsteinssyni og Haukur rétt fyrir handtöku af Bóasi keypt 3 gr af hassi fyrir 1.000.00 kr. og afhent Ingólfi, en hann gleyp, er hann sá lögreglumenn nálgast.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Bóas D. Bergsteinsson fangelsisrefsingu. Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingar gæsluvarðhalds í þessu sambandi, en sýnilegt, að rannsókn er enn á frumstigi.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og gera Bóasi D. Bergsteinssyni í þágu rannsóknar að sæta gæsluvarðhaldi, sem hæfilega þykir ákvæðið allt að 14 dögum frá kl. 1500 í dag að telja.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bóas Dagbjartur Bergsteinsson, fæddur 23. mars 1959, til heimilis að Framnesvegi 18, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 14 dögum frá kl. 1500 þann 29. apríl 1983 að telja.